

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 351/1981, um breyting á heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972.**

1. gr.

162. gr. 3. tl. reglugerðar nr. 45/1972 eins og honum var breytt með reglugerð nr. 351/1981 orðist svo:

162.3. Óheimilt er að reisa loðdýrabú nær mannabústöðum eða vinnustöðum annarra en sjálfs búsin en sem nemur 500 m. Í strjálbýli er heimilt að reisa loðdýrabú nær mannabústöðum á aðliggjandi bújörðum með samþykki hlutað-eigandi ábúenda og/eða eigenda. Að öðru leyti skal farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um staðsetningu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 10. gr. laga nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. maí 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 267.

29. apríl 1982.

SAMÞYKKT

fyrir **Veidifélag Brynjudalsár, Kjósarhreppi, Kjósarsýslu.**

1. Félagið heitir Veidifélag Brynjudalsár. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Brynjudalsá og Þverá, en þær eru Ingunnarstaðir, Hrísakot, Skorhagi og Þrándarstaðir.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.